

This ebook is for the use of anyone anywhere in the United States and most other parts of the world at no cost and with almost no restrictions whatsoever. You may copy it, give it away or re-use it under the terms of the Project Gutenberg License included with this ebook or online at [www.gutenberg.org](http://www.gutenberg.org). If you are not located in the United States, you'll have to check the laws of the country where you are located before using this eBook.

Title: Leiðarvísir í ástamálum

Author: Ingimundur Sveinsson

Release date: July 25, 2007 [eBook #22139]

Language: Icelandic

Credits: Produced by Jóhannes Birgir Jenson

\*\*\* START OF THE PROJECT GUTENBERG EBOOK LEIÐARVÍSIR Í ÁSTAMÁLUM \*\*\*

INGIMUNDUR GAMLI  
LEIÐARVÍSIR  
Í ÁSTAMÁLUM

I.  
KARLMENN

BÓKAFÉLAGIÐ NÝJA - REYKJAVÍK 1922

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN

---

FORMÁLI.

Eg er þegar kominn svo til ára minna, að tími er kominn til að birta þær athuganir mínar, sem í þessari bók eru. Eg hefi komist í margt um dagana og reynt sitt af hverju. Ráð þessi eru aðallega byggð á reynslu minni og að nokkru leyti á annarra reynslu, og ef þú ert ekki sammála mér alstaðar, ætla eg að minna þig á málsháttinn: „Greindur nærri getur, en reyndur veit þó betur.“

Sumir kunna ef til vill að hugsa sem svo, að óþarft sé, að leggja mönnum ráð í þessu efni, en það er misskilningur. Það, sem aðallega hvatti mig, til að gefa út bækling þennan, er sú von, að með því kunni mér að takast að koma í veg fyrir einn eða fleiri hjónaskilnaði, ef menn hlýta mínum ráðum. Eg hefi, sem sé, veitt því eftirtekt, að árlega fjölgar hjónaskilnuðum, bæði til sveita og í kaupstöðum, en þó einkum hér í Reykjavík.

Loks óska eg öllum, sem bók þessa lesa, giftum sem ógiftum, allra heilla á ástarbrautum þeirra.

Ritað á Fidesmessu 1922.

INGIMUNDUR GAMLI.

---

**Hvernig vinna skal hylli kvenna.**

Sannleikurinn er sá, að það er eigi eins auðvelt og þú kant að hyggja, að vinna hylli kvenna. Eg á hér auðvitað eigi við þær konur, er rápa á kvöldin fram og aftur um göturnar í þeim tilgangi að kynnst karlmönnum, heldur þær, sem eru þess virði, að sókst sé eftir ást þeirra eða vináttu.

Að kynnst vændiskonum er engum erfiðleikum bundið. Til þess þarf venjulega eigi annað en peninga. En til þess að vinna hjarta heiðvirðrar konu, eru peningar lítills virði. Til þess þarf önnur meðul: góða sál og hreint hjartalag. Sá, sem eigi hefir góða góða sál og gott hjarta, getur eigi gert sér neina von um, að vinna ást heiðvirðrar konu, því að hún krefst ástar, umhyggju og trygðar.

Hún vill eiga sálina og hjartað óskift, og með það fyrir augum flannar hún aldrei að ráði sínu.

Auk þessa þarf maðurinn að vera kurteis, viðmótsþýður og frjálstur í framkomu. Þessir eiginleikar eru ómissandi hverjum þeim, sem komast vill í mjúkinn hjá kvenþjóðinni, og skal eg nú skýra mál mitt nokkru nánar.

### **Mannorð.**

Þú mátt eigi gera þig sekan um neitt það, sem sett getur blett á mannorð þitt.

Ef þú vilt verða heppinn í ástamálum, er þér ekkert eins nauðsynlegt, eins og að hafa óflekkað mannorð. Þegar þú gengur í göturnar í Reykjavík að kvöldi dags, getur þú séð fleiri eða færri stúlkur, sem eru á mannaveiðum. Þær verður þú að varast eins og pestina!

Sá, sem hefir fengið á sig óorð af kvennamálum, og kominn er í gin kjaftakerlinganna, á sér ekki uppreistar von. Syndir hans eru auknar og margfaldaðar, og engum dettur í hug að efast um, að sögurnar um hann séu sannar.

Ef þú leggur lag þitt við vændiskonurnar, teflir þú einnig heilsu þinni í hættu; þótt þær séu fagurlega litaðar að utan, geta þær verið myglaðar og óheilbrigðar og orðið þér að fjörtjóni.

Vertu einnig vandur í vali vana þinna og gaktu á snið við slæpinga.

Vendu þig eigi á fjárhættuspil eða óheilbriggt kaupskaparbrask. Það hefir margan manninn á glapstigu leitt.

### **Viðmót og framkoma.**

Til þess að vinna hylli kvenna, þurfa menn að kunna að koma vel fram. Sá, sem er þögull og þunglamalegur vinnur aldrei hylli kvenna, þótt hann sé fríður sýnum. Þær halda, að hann sé heimskur — og heimskuna hatar kvenþjóðin!

Að vísu skeikar það mjög réttum skilningi, að sá óframfærni sé ætíð heimskur. Hann er ef til vill vitrari en nokkur hinna. En ólundin hefir slæm áhrif á kvenfólkið, sem alt af krefst fjörs og glaðlyndis.

Til þess að þóknast kvenfólkinu, þarftu að þekkja öll þau smáatriði, sem í þess augum eru mikils virði. Oft sjá konur meira í kurteislegri hneygingu, brosi eða augnatilliti, heldur en þú getur gert þér í hugarlund.

Hafðu eigi ljótan munnsöfnuð í áheyrn kvenna. Það ber vott um mentunarskort og siðleysi.

Það er ljótur siður að reykja þar sem konur eru inni. Margar konur þola illa tóbaksreyk.

### **Kurteisi.**

Kurteisi er eitt af því, sem konur meta mikils. Konan krefst þess, að henni sé veitt eftirtekt, að tekið sé tillit til hennar og henni sýnd kurteisi. En of mikið af öllu má þó gera, og of mikil kurteisi er hlægileg. Og karlmaður má aldrei gera sig hlægilegan í konuauðum.

Kurteisin verður því að vera innan vissra takmarka, og eg þarf ekki að taka það fram, að þú verður alt af að fylgja þeim 10 boðorðum, sem hér fara á eftir:

1. Ef kona missir eitthvað niður, átt þú að taka það upp og rétta henni með ofurlítilli hneygingu og viðeigandi brosi. Orð eru óþörf.
2. Þú átt ætíð að láta konu ganga inn eða út um dyr á undan þér og opna fyrir henni.
3. Þú átt ætíð að hjálpa konu í yfirhöfn, áður en þú ferð í þína yfirhöfn.
4. Þú átt ætíð að láta konu ganga á undan þér inn í vagn eða bifreið. Aftur á móti átt þú að ganga á undan til sætis í leikhúsi og vísa konunni á hennar sæti.
5. Þú átt ætíð að láta konu ganga á undan þér niður stiga eða tröppur, en á eftir þér upp.
6. Þegar þú gengur með konu á götu, átt þú ætíð að ganga þeim megin við hana, að hún þurfi aldrei að fara út á vagnagötuna, þótt hún þurfi að víkja til hliðar fyrir einhverjum.
7. Þegar þú heilsar konu á götu, átt þú að hneigja þig ofurlítið, taka ofan og setja ekki hattinn á höfuðið, fyr en hún er komin framhjá þér. — Í sambandi við þetta vil eg geta þess, að konum þykir mikið varið í, að þeim sé heilsað virðulega á götu, en þó eigi með neinum spjátrungsskap.
8. Þegar kona kemur þar inn, sem öll sæti eru skipuð, er það skylda þín að standa upp og bjóða henni sæti þitt.

9. Þegar kona teygir sig eftir einhverju, átt þú ætíð að vera reiðubúinn að veita henni hjálp.

10. Í fám orðum sagt, átt þú í allri umgengni þinni við konur að sýna kurteisni og riddaralegar dygðir.

### **Íþróttir.**

Eg hefi þegar tekið það fram, að fríðleikur er ekki nauðsynlegt skilyrði til þess, að vinna hylli kvenna. Hins vegar getur líkamsfegurð og jafnvel göngulagið eitt komið hjarta hennar til að slá örar.

Heilbrigð kona og fjörug, getur alls eigi orðið hrifin af manni, sem alt af er feiminn og vandræðalegur.

Frá alda öðli hefir konan bundið hugsjón sína við þann mann, sem hefir hreinan og karlmannlegan svip og hraustan líkama.

Iðkaðu því íþróttir og hertu líkama þinn. Konum fellur það vel í geð. Þær krefjast þess meira að segja, að karlmaðurinn hafi stælt vöðva og sterka hnefa, svo að hann geti varið þær, ef á þarf að halda. Konan er veikbygð og veit það vel, — þess vegna ætlast hún til, að karlmaðurinn sé sterkari.

Iðkið íþróttir, sagði eg. Já, gott og vel! En þar með er ekki sagt, að eigi megi of langt ganga í því efni. Tökum til dæmis knattsparkið hérna í Reykjavík, sem iðkað er nú orðið af meira kappi en forsjá. Að mínu áliti gerir knattspark í óhófi menn eintrjáningslega og einhliða. Þeir geta eigi um annað hugsað né talað. Geta má nærri, að konur hafa lítið gaman af því. Eg vil því gefa þér eitt heilræði, ungi maður: Ef þú vilt ná hylli kvenna, þá stundaðu enga íþrótt svo mikið, að hún taki hug þinn svo föstum tökum, að þú verðir þræll hennar.

Legðu stund á leikfimi, glímur og sund. Það stælir vöðvana, gerir líkamann liðugan og bakið beint.

### **Hreinlæti og klæðaburður.**

Vertu hreinlátur, því að óhreinlætið er andstygð siðaðra manna.

Hirtu hár þitt og hendur, neglur þínar og tennur.

Rakaðu þig eigi sjaldnar en tvisvar í viku.

Notaðu eigi óhreina flibba né vasaklúta.

Sama máli gegnir um fötin, því að konan vill, að þú sért snyrtilega klæddur. — Sá, sem í öllu eltir tiskuna, verður oft og tíðum hlátursefni skynsamra kvenna. Hugsaðu því meira um það, að fót þín fari vel og að þau séu hrein, heldur en að þau séu íburðarmikil og dýr.

### **Mentun.**

Mentaður maður og víðsýnn er æfinlega eftirlætisgóð kvenna, og honum veitist það auðvelt, að ná hylli þeirra. Konunni finst það eðlilegt, að karlmaðurinn sé henni fremri að mentun, eigi síður en líkamlegu atgervi. Þess vegna getur heimskinginn — þótt fríður sé — aldrei gert sér von um, að standa hinum á sporði í ástamálum.

Þú þarft einnig að hafa ákveðnar skoðanir og eiga andleg áhugamál. Þér er eigi nóg að nota skoðanir Morgunblaðsins og Alþýðublaðsins — sem breytast stundum daglega —, heldur verður þú af eigin dómgreind að gera mun á réttu og röngu. Þú verður að temja þér rökrétta hugsun, því að djarfur hugsunarháttur er mikils virði í augum kvenfólksins.

Íþróttir eru fyrirtaks meðal til þess að læra að hugsa af viti. Glímur, sund og leikfimi stæla eigi að eins vöðvana og glæða eftirtekt augans, en ala einnig af sér táp og vilja. Sálin og líkaminn eru tengd mjög nánum höndum, og sé annaðhvort vanrækt vanrækist hvorttveggja.

Þú hefir nú heyrt, hversu mentun og víðsýni eru gott vopn í höndum karlmannna, þegar þeir ætla að vinna hinn ramgerva kastala: konuhjartað, en að endingu vil eg benda þér á, hvað mörgum hættir við að misbeita því. Það er t.d. ekki sjaldgæft í samkvæmum að heyra menn slá sig til riddara með hinum og þessum afrekssögum um sjálfa sig. Þetta hendir jafnvel hina gáfuðustu menn. En slíkar sögur missa marks. Þú mátt eigi auglýsa sjálfan þig. Og eigi mátt þú heldur vera of margorður, svo að konur geti einnig sagt sitt álit.

Til þess að vinna hylli kvenna, er nauðsynlegt fyrir þig að kunna að dansa. Dans er besta skemtun flestra kvenna og þær líta upp til þess manns, sem er góður dansmaður.

Lagleg söngródd er og eitt af því, sem dregur að sér athygli kvenna.

Að kunna að leika á hljóðfæri er enn fremur góð íþrótt og getur oft komið að góðu haldi í þessum efnum.

### **Meira um kurteisi.**

Eg hefi áður minnst á það, hvernig mentaður maður á að umgangast konur, og nú ætla eg að fara um það fáeinum orðum, hvernig heilsa beri konu og haga viðræðum og kynningum.

Áður en þú réttir konu hönd þína, til að heilsa henni, átt þú að hneigja þig ofurlítið og líta í augu hennar. Réttu henni því næst hönd þína og hneigðu þig aftur ofurlítið. Því næst geta samræður byrjað.

Þegar þú talar við konu, átt þú aldrei að hafa hendur í buxnavösum eða stinga hönd á síðu eða krossleggja þær á brjóstinu.

Þegar þú situr til borðs með konu, er það skylda þín að tala við hana. Þú átt þá alt af velja þau umtalsefni, sem konan getur vel fylgst með í, og þú verður að sjá um, að samtalið falli aldrei niður. Það má heldur aldrei verða þvingað.

Kynningum skalt þú haga þannig: Þegar þú kynnir karl og konu, þá skaltu fyrst nefna nafn hans; séu það tveir karlmenn, sem kynna á, þá skaltu fyr nefna þann, sem lægra er settur eða yngri er. Sama gildir, þegar konur eru kyntar.

Þegar þú heilsar konu á götu, þá tekur þú ofan með þeirri höndinni, sem fjær er konunni. En þessi regla gildir eigi, þegar þú ert í fylgd með konu og heilsar annari, sem þú mætir; þá áttu að taka ofan með þeirri höndinni, sem fjær er þeirri konu, sem þú gengur með.

Ef þú rekst á konu á götu, átt þú að nema staðar og afsaka þig kurteislega.

### **Að velja konuefnið.**

*„Það er vandi að velja sé  
víf í standi þrifa,  
því ólánsfjandi, ef illa fer  
er í því bandi að lifa“.*

Já, það er vandi að velja konuefnið, jafnvel þótt þú hafir þekkingu á ástamálum, eins og margur nútíðarmaður þykist hafa að einhverju leyti. Auðvitað vilt þú, að konan þín verði sem fullkornust: að hún sé lagleg, gáfuð og góð, hafi gott vald yfir sjálfri sér, kunni að umgangast fólk og vinna sér traust þess; sé stjórnöm og hirðsöm, sparsöm og hreinleg. Hafi hún alla þessa kosti, þarftu ekki að kvíða sambúð ykkar, þ. e. a. s. ef þú ert slíkri konu samboðinn.

En kostir og gallar konunnar koma oft eigi fyr í ljós en út í búskapinn er komið, þess vegna verður þú að gæta varkárni og athygli áður en þú stígur hið mikla spor.

Eg vil nú gefa þér nokkur góð ráð, er orðið gætu þér nytsöm, ef þú kant með að fara.

Þegar þú hefir kynst stúlku og orðið ástfanginn af henni, verður þú að taka eftir öllu í fari hennar, smáu sem stóru, áður en þú trúlofast henni. Í hinu smærra er oft eigi síður hægt að sjá eiginleika mannsins en í hinu stærra. Vertu því athugull og sleptu engu, er eykur skilning þinn og þekkingu á stúlkunni. Rannsakaðu hjartalag hennar og tilfinningar og gaktu úr skugga um, hvort hún eigi ást þína skilið.

Gott er að kynna sér liðna æfi hennar, fá vitneskju um, hvort hún hafi áður verið mikið við ástamál riðin eða verið trúlofuð. Komstu einnig að því, hverskonar vinstúlkur hún velur sér; máttu af því mikið læra, því að „það dregur hver dóm af sínum sessunaut.“

Sjálfsagt er þér og að leita þér upplýsinga um ætt hennar og foreldra, því að „sjaldan fellur eplið langt frá eikinni“. Sumum finst ef til vill óþarft að minnast á þetta atriði, en þótt ljótt sé frá að segja, munu finnast þess dæmi, að menn trúlofi sig án þess að vita nokkuð um ætt og jafnvel foreldra stúlkunnar.

Já, það er mikið óvit að hlaupa eftir augnablikstilfinningum sínum. Með því að gera það, hefir margur sáð illgresi í akur lífs síns og „borið þess sár um æfilöng ár, sem að eins var stundarhlátur.“

Eins og eg hefi áður á vikið, hættir mörgum við því, að líta of mikið á fríðleikann. Satt er það, að hann er góður með öðru góðu, og augað krefst síns. En fáir hafa efni á því, að hafa konur sínar eingöngu sem stofuprýði og til augnagamans. Þess vegna ríður ekki minna á því, að hún bæti heimilið en prýði. Best er að slíkt geti farið saman. Og það getur orðið, ef þú ert skynsamur í vali þínu.

Ef unnusta þín kann eigi að búa til mat, sauma léreftsfatnað o. þ. l., þá skaltu láta hana læra það áður en þú gengur að eiga hana. Henni verða heimilisstörfin þá miklu léttari og fara þau betur úr hendi.

Ýmsir fara einnig eftir ríkidæmi. En margt er að athuga við það. Að vísu er auðurinn afl og aflið léttir erfiðið. En farðu heldur eftir hinum göfugri tilfinningum hjarta þíns. Sel eigi auðnum sál þína, gef hana heldur þeirri konu, sem þú elskar. Og betra er að lifa ánægður við lítil efni, en við allsnægtir með orm í hjarta.

Hið daglega líf og reynsla sanna það, að þau hjónabönd, sem byggð eru á auði einum, eru þynnar á rós friðarins. Slíkt hjónaband má með réttu kalla „gröf ástarinnar“, eins og rússneskur málsháttur kemst að orði.

Einn dagur er ekki heil mannsæfi, og það er ekki nóg, að ástin nái að eins yfir hveitibrauðsdagana. Í kolum þeim, sem brenna á arni ástarinnar, þarf lengi að lifa.

Til þess að hjónaband þitt verði hamingjusamt, og til þess að þú getir treyst konu þinni og elskað hana, mun þér happasælast, að öðru jöfnu, að velja stúlku, sem að mentun og stöðu er jafnoki þinn. Reynslan hefir sannað það.

Það er óheppilegt að aldursmunur sé mikill á hjónum og er alment álitíð, að maðurinn eigi að vera „bónða“-árinu eldri. Að vísu skiftir þetta ekki miklu máli, en komið hefir þó fyrir, að ósamlyndi hjóna stafi beinlínis eða óbeinlínis af aldursmun þeirra.

### **Að biðja sér konu.**

Það er sögn og sannleikur, að mörgum reynist það erfitt, að klæða fyrstu ástarjátningu sína í orð. En hjá því skeri getur þú eigi siglt. Eftir lengri eða skemri umhugsun og fleiri eða færri vökunætur, getur þú loks eigi þagað lengur. Það fer vitanlega eftir atvikum, hvaða orð þú notar og hvernig þú hagar þér, en þó vil eg gefa þér nokkrar bendingar:

Vertu ekki feiminn og stamaðu ekki, en vertu alvarlegur og hátíðlegur á svip og í máli.

Vertu ekki með neinar óþarfa málalengingar eða tvíræðar setningar, en segðu það, sem þér býr í brjósti með fáum og velvöldum orðum.

Fyr á tímum var það siður, að biðlar krupu fyrir þeirri konu, sem þeir játuðu ást sína, en nú mun það lagt niður, enda eru öll ytri lotningarmerki óþörf og fánýt, því að það eru hinar innri tilfinningar, sem verður að byggja á.

Bónorðsbréf munu vera alltið á vorum dögum, en að mínu áliti ekki að sama skapi eftirbreytnisverð, því að konan, sem í hlut á, fer þar á mis við þann unað, sem hún hefir af því að h e y r a þig segja þessi orð: „Eg elska þig.“ Þau óma fyrir eyrum hennar eins og himneskur söngur, og engin orð er henni kærara að heyra af vörum þínum.

Bréf geta einnig hæglega komist í annara hendur en hins rétta viðtakanda, og eins og gefur að skilja, getur það haft ýms óþægindi í för með sér.

Dæmi eru til þess, að kona hefir tekið þeim manni, sem hún hefir gefið afsvar, jafnvel oft en einu sinni.

Að menn hafi beðið sér konu í símskeyti eða símtali hefir komið fyrir, — að sögn fróðra manna, — en eg vil alvarlega ráða þér frá því.

### **Hvenær þú mátt kvongast.**

Þegar þú hefir fastnað þér konu, leiðir það af sjálfu sér, að þú ferð að hugsa um að reisa bú og kvongast. Elskendur þrá ekkert meira en það, að eiga eigið heimili og vera sjálfs sín húsbændur. En það er undir ýmsum ástæðum komið, hvenær þú getur gengið í hjónaband. Í fljótu bragði finst þér það máske vera að reisa sér hurðarás um öxl, af ætla að gefa nokkur ráð um það, hvenær menn megi kvongast. En svo er þó eigi. Fyrsta heilræðið, sem eg vil gefa þér, er þetta: Kvongastu eigi fyr en högum þínur er svo háttáð, að þú getir staðið straum af heimilinu fjárhagslega. — Oft hefir fátækt og óregla eyðilaggt heimilisfriðinn og gert heimilið að argasta spillingarbæli.

Ef atvinna þín er tekjurýr, þá skaltu reyna að komast að betri stöðu. Betri er þér föst staða, þótt kauplág sé, heldur en hlaupavinna með óvissum tekjum.

Vertu sparsamur og hagsýnn og gefðu unnustu þinni eigi glingur eða hégómlegar gjafir, en gefðu henni þá hluti, sem henni mega að gagni koma.

Legðu nokkrar krónur mánaðarlega í sparisjóð.

Vertu bindindismaður: Neyttu eigi víns og eigi mikils tóbaks.

Vertu eigi oft á skemtunum.

Varðveittu vel lánstraust þitt.

Ef þú gætir þessa, sem eg hefi nú upp talið, verður þú áður en þú veist af, fær um að kaupa húsgögn og aðra þá hluti, sem til búsins þurfa.

### **Hvernig góður eiginmaður á að vera.**

Þegar þú kvongast, aukast skyldur þínar. Ef þú elskar konu þína, og rækir heimili þitt eins og þér bera að gera, mátt þú eigi ofhlaða þig störfum. Vertu umhyggjusamur og nærgætinn við hana og láttu hana ekki skorta neitt það, er þú getur veitt henni til þæginda og ánægju.

Oft vill svo fara, að menn hætta að sýna konu sinni þá blíðu og umönnun, sem þeir sýndu henni í tilhugalífi þeirra. En það er hinn mesti barnaskapur, að hætta því. Gefðu henni blóm og gleddu hana með kærkomnum gjöfum eins og áður. Gjafirnar þurfa ekki að vera dýrar eða um efni fram. „Oft kaupir sér í litlu lof“.

Láttu konu þína eigi vera svo störfum hlaðna, að hún hafi aldrei tíma til að lyfta sér upp. Farðu með henni á skemtanir við og við. Vertu eigi afbrýðissamur, þó að einhver veiti henni meiri eftirtekt en öðrum konum. Með því gefur þú í skyn, að þú berir eigi fult traust til hennar, og ef hún elskar þig, tekur hún sér það nærri.

Vertu heima eins oft og þú getur. Konan þín finnur það fljótt, ef þú ert óþarflega oft fjarverandi og henni fellur það illa. Ef þú þarft að fara út, þá skaltu segja henni hvert þú ætlar, og ef þú ætlar að ganga þér til skemtunar, þá skaltu bjóða henni að koma með þér. Henni þykir vænt um það, jafnvel þótt hún geti ekki komið.

Þegar þú kemur heim frá vinnu, máttu ekki leggjast upp í legubekk og fara að sofa, þegar þú hefir matast. Talaðu heldur við konu þína og láttu hana verða vara við, að þú fylgist með störfum hennar.

Hafðu konu þína alt af í ráðum með þér, og farðu eigi á bak við hana með neitt.

Talaðu ætíð vel um konuna þína í áheyrn annarra manna, og mundu betur eftir mannkostum hennar en ófullkomleika.

Í fáum orðum sagt: Tilhugalíf þitt á aldrei að taka enda. Í hjónabandinu, ekki síður en á meðan þið voruð trúlofuð, átt þú alt af að vera jafn skemtilegur og kurteis, jafn ástúðlegur og nærgætinn.

Ef þú ert það, mun konan þín altaf elska þig jafn heitt. Hún mun þá gera þig hamingjusaman og lífsglaðan.

\*\*\* END OF THE PROJECT GUTENBERG EBOOK LEIÐARVÍSIR Í ÁSTAMÁLUM \*\*\*

Updated editions will replace the previous one—the old editions will be renamed.

Creating the works from print editions not protected by U.S. copyright law means that no one owns a United States copyright in these works, so the Foundation (and you!) can copy and distribute it in the United States without permission and without paying copyright royalties. Special rules, set forth in the General Terms of Use part of this license, apply to copying and distributing Project Gutenberg™ electronic works to protect the PROJECT GUTENBERG™ concept and trademark. Project Gutenberg is a registered trademark, and may not be used if you charge for an eBook, except by following the terms of the trademark license, including paying royalties for use of the Project Gutenberg trademark. If you do not charge anything for copies of this eBook, complying with the trademark license is very easy. You may use this eBook for nearly any purpose such as creation of derivative works, reports, performances and research. Project Gutenberg eBooks may be modified and printed and given away—you may do practically ANYTHING in the United States with eBooks not protected by U.S. copyright law. Redistribution is subject to the trademark license, especially commercial redistribution.

### **START: FULL LICENSE THE FULL PROJECT GUTENBERG LICENSE PLEASE READ THIS BEFORE YOU DISTRIBUTE OR USE THIS WORK**

To protect the Project Gutenberg™ mission of promoting the free distribution of electronic works, by using or distributing this work (or any other work associated in any way with the phrase “Project Gutenberg”), you agree to comply with all the terms of the Full Project Gutenberg™ License available with this file or online at [www.gutenberg.org/license](http://www.gutenberg.org/license).

#### **Section 1. General Terms of Use and Redistributing Project Gutenberg™ electronic works**

1.A. By reading or using any part of this Project Gutenberg™ electronic work, you indicate that you have read, understand, agree to and accept all the terms of this license and intellectual property (trademark/copyright) agreement. If you do not agree to abide by all the terms of this agreement, you must cease using and return or destroy all copies of Project

Gutenberg™ electronic works in your possession. If you paid a fee for obtaining a copy of or access to a Project Gutenberg™ electronic work and you do not agree to be bound by the terms of this agreement, you may obtain a refund from the person or entity to whom you paid the fee as set forth in paragraph 1.E.8.

1.B. “Project Gutenberg” is a registered trademark. It may only be used on or associated in any way with an electronic work by people who agree to be bound by the terms of this agreement. There are a few things that you can do with most Project Gutenberg™ electronic works even without complying with the full terms of this agreement. See paragraph 1.C below. There are a lot of things you can do with Project Gutenberg™ electronic works if you follow the terms of this agreement and help preserve free future access to Project Gutenberg™ electronic works. See paragraph 1.E below.

1.C. The Project Gutenberg Literary Archive Foundation (“the Foundation” or PGLAF), owns a compilation copyright in the collection of Project Gutenberg™ electronic works. Nearly all the individual works in the collection are in the public domain in the United States. If an individual work is unprotected by copyright law in the United States and you are located in the United States, we do not claim a right to prevent you from copying, distributing, performing, displaying or creating derivative works based on the work as long as all references to Project Gutenberg are removed. Of course, we hope that you will support the Project Gutenberg™ mission of promoting free access to electronic works by freely sharing Project Gutenberg™ works in compliance with the terms of this agreement for keeping the Project Gutenberg™ name associated with the work. You can easily comply with the terms of this agreement by keeping this work in the same format with its attached full Project Gutenberg™ License when you share it without charge with others.

1.D. The copyright laws of the place where you are located also govern what you can do with this work. Copyright laws in most countries are in a constant state of change. If you are outside the United States, check the laws of your country in addition to the terms of this agreement before downloading, copying, displaying, performing, distributing or creating derivative works based on this work or any other Project Gutenberg™ work. The Foundation makes no representations concerning the copyright status of any work in any country other than the United States.

1.E. Unless you have removed all references to Project Gutenberg:

1.E.1. The following sentence, with active links to, or other immediate access to, the full Project Gutenberg™ License must appear prominently whenever any copy of a Project Gutenberg™ work (any work on which the phrase “Project Gutenberg” appears, or with which the phrase “Project Gutenberg” is associated) is accessed, displayed, performed, viewed, copied or distributed:

This eBook is for the use of anyone anywhere in the United States and most other parts of the world at no cost and with almost no restrictions whatsoever. You may copy it, give it away or re-use it under the terms of the Project Gutenberg License included with this eBook or online at [www.gutenberg.org](http://www.gutenberg.org). If you are not located in the United States, you will have to check the laws of the country where you are located before using this eBook.

1.E.2. If an individual Project Gutenberg™ electronic work is derived from texts not protected by U.S. copyright law (does not contain a notice indicating that it is posted with permission of the copyright holder), the work can be copied and distributed to anyone in the United States without paying any fees or charges. If you are redistributing or providing access to a work with the phrase “Project Gutenberg” associated with or appearing on the work, you must comply either with the requirements of paragraphs 1.E.1 through 1.E.7 or obtain permission for the use of the work and the Project Gutenberg™ trademark as set forth in paragraphs 1.E.8 or 1.E.9.

1.E.3. If an individual Project Gutenberg™ electronic work is posted with the permission of the copyright holder, your use and distribution must comply with both paragraphs 1.E.1 through 1.E.7 and any additional terms imposed by the copyright holder. Additional terms will be linked to the Project Gutenberg™ License for all works posted with the permission of the copyright holder found at the beginning of this work.

1.E.4. Do not unlink or detach or remove the full Project Gutenberg™ License terms from this work, or any files containing a part of this work or any other work associated with Project Gutenberg™.

1.E.5. Do not copy, display, perform, distribute or redistribute this electronic work, or any part of this electronic work, without prominently displaying the sentence set forth in paragraph 1.E.1 with active links or immediate access to the full terms of the Project Gutenberg™ License.

1.E.6. You may convert to and distribute this work in any binary, compressed, marked up, nonproprietary or proprietary form, including any word processing or hypertext form. However, if you provide access to or distribute copies of a Project Gutenberg™ work in a

format other than "Plain Vanilla ASCII" or other format used in the official version posted on the official Project Gutenberg™ website (www.gutenberg.org), you must, at no additional cost, fee or expense to the user, provide a copy, a means of exporting a copy, or a means of obtaining a copy upon request, of the work in its original "Plain Vanilla ASCII" or other form. Any alternate format must include the full Project Gutenberg™ License as specified in paragraph 1.E.1.

1.E.7. Do not charge a fee for access to, viewing, displaying, performing, copying or distributing any Project Gutenberg™ works unless you comply with paragraph 1.E.8 or 1.E.9.

1.E.8. You may charge a reasonable fee for copies of or providing access to or distributing Project Gutenberg™ electronic works provided that:

- You pay a royalty fee of 20% of the gross profits you derive from the use of Project Gutenberg™ works calculated using the method you already use to calculate your applicable taxes. The fee is owed to the owner of the Project Gutenberg™ trademark, but he has agreed to donate royalties under this paragraph to the Project Gutenberg Literary Archive Foundation. Royalty payments must be paid within 60 days following each date on which you prepare (or are legally required to prepare) your periodic tax returns. Royalty payments should be clearly marked as such and sent to the Project Gutenberg Literary Archive Foundation at the address specified in Section 4, "Information about donations to the Project Gutenberg Literary Archive Foundation."
- You provide a full refund of any money paid by a user who notifies you in writing (or by e-mail) within 30 days of receipt that s/he does not agree to the terms of the full Project Gutenberg™ License. You must require such a user to return or destroy all copies of the works possessed in a physical medium and discontinue all use of and all access to other copies of Project Gutenberg™ works.
- You provide, in accordance with paragraph 1.F.3, a full refund of any money paid for a work or a replacement copy, if a defect in the electronic work is discovered and reported to you within 90 days of receipt of the work.
- You comply with all other terms of this agreement for free distribution of Project Gutenberg™ works.

1.E.9. If you wish to charge a fee or distribute a Project Gutenberg™ electronic work or group of works on different terms than are set forth in this agreement, you must obtain permission in writing from the Project Gutenberg Literary Archive Foundation, the manager of the Project Gutenberg™ trademark. Contact the Foundation as set forth in Section 3 below.

1.F.

1.F.1. Project Gutenberg volunteers and employees expend considerable effort to identify, do copyright research on, transcribe and proofread works not protected by U.S. copyright law in creating the Project Gutenberg™ collection. Despite these efforts, Project Gutenberg™ electronic works, and the medium on which they may be stored, may contain "Defects," such as, but not limited to, incomplete, inaccurate or corrupt data, transcription errors, a copyright or other intellectual property infringement, a defective or damaged disk or other medium, a computer virus, or computer codes that damage or cannot be read by your equipment.

1.F.2. LIMITED WARRANTY, DISCLAIMER OF DAMAGES - Except for the "Right of Replacement or Refund" described in paragraph 1.F.3, the Project Gutenberg Literary Archive Foundation, the owner of the Project Gutenberg™ trademark, and any other party distributing a Project Gutenberg™ electronic work under this agreement, disclaim all liability to you for damages, costs and expenses, including legal fees. YOU AGREE THAT YOU HAVE NO REMEDIES FOR NEGLIGENCE, STRICT LIABILITY, BREACH OF WARRANTY OR BREACH OF CONTRACT EXCEPT THOSE PROVIDED IN PARAGRAPH 1.F.3. YOU AGREE THAT THE FOUNDATION, THE TRADEMARK OWNER, AND ANY DISTRIBUTOR UNDER THIS AGREEMENT WILL NOT BE LIABLE TO YOU FOR ACTUAL, DIRECT, INDIRECT, CONSEQUENTIAL, PUNITIVE OR INCIDENTAL DAMAGES EVEN IF YOU GIVE NOTICE OF THE POSSIBILITY OF SUCH DAMAGE.

1.F.3. LIMITED RIGHT OF REPLACEMENT OR REFUND - If you discover a defect in this electronic work within 90 days of receiving it, you can receive a refund of the money (if any) you paid for it by sending a written explanation to the person you received the work from. If you received the work on a physical medium, you must return the medium with your written explanation. The person or entity that provided you with the defective work may elect to provide a replacement copy in lieu of a refund. If you received the work electronically, the person or entity providing it to you may choose to give you a second opportunity to receive the work electronically in lieu of a refund. If the second copy is also defective, you may demand a refund in writing without further opportunities to fix the problem.

1.F.4. Except for the limited right of replacement or refund set forth in paragraph 1.F.3, this

work is provided to you 'AS-IS', WITH NO OTHER WARRANTIES OF ANY KIND, EXPRESS OR IMPLIED, INCLUDING BUT NOT LIMITED TO WARRANTIES OF MERCHANTABILITY OR FITNESS FOR ANY PURPOSE.

1.F.5. Some states do not allow disclaimers of certain implied warranties or the exclusion or limitation of certain types of damages. If any disclaimer or limitation set forth in this agreement violates the law of the state applicable to this agreement, the agreement shall be interpreted to make the maximum disclaimer or limitation permitted by the applicable state law. The invalidity or unenforceability of any provision of this agreement shall not void the remaining provisions.

1.F.6. INDEMNITY - You agree to indemnify and hold the Foundation, the trademark owner, any agent or employee of the Foundation, anyone providing copies of Project Gutenberg™ electronic works in accordance with this agreement, and any volunteers associated with the production, promotion and distribution of Project Gutenberg™ electronic works, harmless from all liability, costs and expenses, including legal fees, that arise directly or indirectly from any of the following which you do or cause to occur: (a) distribution of this or any Project Gutenberg™ work, (b) alteration, modification, or additions or deletions to any Project Gutenberg™ work, and (c) any Defect you cause.

## **Section 2. Information about the Mission of Project Gutenberg™**

Project Gutenberg™ is synonymous with the free distribution of electronic works in formats readable by the widest variety of computers including obsolete, old, middle-aged and new computers. It exists because of the efforts of hundreds of volunteers and donations from people in all walks of life.

Volunteers and financial support to provide volunteers with the assistance they need are critical to reaching Project Gutenberg™'s goals and ensuring that the Project Gutenberg™ collection will remain freely available for generations to come. In 2001, the Project Gutenberg Literary Archive Foundation was created to provide a secure and permanent future for Project Gutenberg™ and future generations. To learn more about the Project Gutenberg Literary Archive Foundation and how your efforts and donations can help, see Sections 3 and 4 and the Foundation information page at [www.gutenberg.org](http://www.gutenberg.org).

## **Section 3. Information about the Project Gutenberg Literary Archive Foundation**

The Project Gutenberg Literary Archive Foundation is a non-profit 501(c)(3) educational corporation organized under the laws of the state of Mississippi and granted tax exempt status by the Internal Revenue Service. The Foundation's EIN or federal tax identification number is 64-6221541. Contributions to the Project Gutenberg Literary Archive Foundation are tax deductible to the full extent permitted by U.S. federal laws and your state's laws.

The Foundation's business office is located at 809 North 1500 West, Salt Lake City, UT 84116, (801) 596-1887. Email contact links and up to date contact information can be found at the Foundation's website and official page at [www.gutenberg.org/contact](http://www.gutenberg.org/contact)

## **Section 4. Information about Donations to the Project Gutenberg Literary Archive Foundation**

Project Gutenberg™ depends upon and cannot survive without widespread public support and donations to carry out its mission of increasing the number of public domain and licensed works that can be freely distributed in machine-readable form accessible by the widest array of equipment including outdated equipment. Many small donations (\$1 to \$5,000) are particularly important to maintaining tax exempt status with the IRS.

The Foundation is committed to complying with the laws regulating charities and charitable donations in all 50 states of the United States. Compliance requirements are not uniform and it takes a considerable effort, much paperwork and many fees to meet and keep up with these requirements. We do not solicit donations in locations where we have not received written confirmation of compliance. To SEND DONATIONS or determine the status of compliance for any particular state visit [www.gutenberg.org/donate](http://www.gutenberg.org/donate).

While we cannot and do not solicit contributions from states where we have not met the solicitation requirements, we know of no prohibition against accepting unsolicited donations from donors in such states who approach us with offers to donate.

International donations are gratefully accepted, but we cannot make any statements concerning tax treatment of donations received from outside the United States. U.S. laws alone swamp our small staff.

Please check the Project Gutenberg web pages for current donation methods and addresses. Donations are accepted in a number of other ways including checks, online payments and credit card donations. To donate, please visit: [www.gutenberg.org/donate](http://www.gutenberg.org/donate)

## **Section 5. General Information About Project Gutenberg™ electronic works**

Professor Michael S. Hart was the originator of the Project Gutenberg™ concept of a library of electronic works that could be freely shared with anyone. For forty years, he produced and distributed Project Gutenberg™ eBooks with only a loose network of volunteer support.

Project Gutenberg™ eBooks are often created from several printed editions, all of which are confirmed as not protected by copyright in the U.S. unless a copyright notice is included. Thus, we do not necessarily keep eBooks in compliance with any particular paper edition.

Most people start at our website which has the main PG search facility: [www.gutenberg.org](http://www.gutenberg.org).

This website includes information about Project Gutenberg™, including how to make donations to the Project Gutenberg Literary Archive Foundation, how to help produce our new eBooks, and how to subscribe to our email newsletter to hear about new eBooks.